

# LÖG

## SAMTAKA ELDRI SJÁLFSTÆÐISMANNA

### 1. gr.

Félagið er landsfélag og heitir Samtök eldri sjálfstæðismanna. Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. gr.

Tilgangur samtakanna er:

Að vinna að málefnum eldri borgara með virku starfi að stefnumótun og framkvæmd Sjálfstæðisflokksins í öllum málum sem varða aldrað fólk og hagsmuni þess.

### 3. gr.

Aðild að samtökunum er opin öllum sjálfstæðismönnum 60 ára og eldri og skal tilkynna um aðild til stjórnar samtakanna. Með sama hætti skal tilkynna úrsögn.

### 4. gr.

Stjórn samtakanna skipa 9 menn. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Varastjórn skipa 9 menn. Þá skulu kosnir 2 skoðunarmenn reikninga.

Innan samtakanna skal starfa trúnaðarráð, sem skipað er allt að 40 fulltrúum auk stjórnar og varastjórnar. Stjórnin gerir tillögur til aðalfundar um skipan trúnaðarráðsins. Við val fulltrúa í ráðið skal stjórnin gæta þess að í því eigi sæti fulltrúar úr öllum kjördæmum landsins. Stjórnin skal leitast við að velja fulltrúa með fag- og starfsreynslu í veigamiklum málum er varða málefni eldri borgara.

### 5. gr.

Aðalfund samtakanna skal halda árlega, ekki síðar en í októbermánuði.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Umræður um skýrslu stjórnar.
3. Lagabreytingar.
4. Umræður og afgreiðsla ályktana.
5. Kosning:
  - a) Kosning formanns og varaformanns.
  - b) Kosning 7 stjórnarmanna.
  - c) Kosning 9 manna varastjórnar.
  - d) Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga.
  - e) Kosning trúnaðarráðs
6. Ákvörðun um félagsgjald
7. Önnur mál.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi. Þó þarf tvo þriðju hluta atkvæða til lagabreytinga.

Stjórn samtakanna hefur heimild til þess að boða til almennra funda í samtökunum komi upp mál, sem stjórnin telur ástæðu til að samtökin þurfi að láta til sín taka.

#### **6. gr.**

Aðalfundur er opinn öllum skráðum meðlimum samtakanna og skal hann boðaður bréflega eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund, auk þess sem hann skal auglýsa í fjölmiðlum.

#### **7. gr.**

Starf samtakanna er háð skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins.

(Samþykkt á stofnfundi samtakanna 6. nóvember 1997).

(Breyting á aðalfundi 25. nóvember 1998).

D200997f